

Hæstarjettardómar 1875.

Þriðjudaginn 5. janúarmán.

Nr. 47/1874: Eggert Ó. Gunnarsson,
umboðsmaður yfir Múkaþverárklausturs jörðum,
gegn

Sigurjóni Magnússyni¹,

út af fógetagjörð, er gjörð hafði verið hjá hinum stefnda
eptir kröfu áfrýjandans.

Dómur landsyfirjettarins á Íslandi 15. maímán. 1871.

«Hin áfrýjaða fógetagjörð á ómerk að vera. Hinn
stefndi, Eggert umboðsmaður Gunnarsson, greiði áfrýjand-
anum, Sigurjóni Magnússyni, skaðabætur eptir óvilhallra
löglega útnefndra manna mati fyrir allt það tjón, er
áfrýjandinn hefir beðið af hinni áfrýjuðu fógetagjörð,
sem og málskostnað hjer fyrir rjettinum með 25 rd.
Hinum skipaða talsmanni hins stefnda, organista P.
Guðjohnsen bera 10 rd. í málsfærslulaun, er borgist
honum úr opinberum sjóði.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri
birtingu hans, undir aðför að lögum».

Dómur hæstarjettar.

Þar sem 12. grein í byggingarbrjefi því, sem um
er rætt í hinum áfrýjaða dómi, skírskotar til 9. greinar

1) Eggert umboðsmaður Gunnarsson hafði fengið gjafsókn fyr-
ir hæstarjetti, og var Nellemann, hæstarjettar-málaflutningsmað-
ur, skipaður til að flytja málið af hans hendi, en af hendi Sig-
urjóns Magnússonar mætti enginn.

í konungsbrjefi 11. aprílmán. 1781 — en fyrirmæli nefndrar greinar um, að útburðardómum skuli fullnægt, án þess þeim verði skotið til æðri rjettar, eru annars úr lögum numin með tilsk. 11. júlímán. 1800 10. gr. — Þá liggur næst að skilja það svo, að ef leiguliðanum sje byggt út af jörðinni fyrir þá sök, að hann hafi ekki haldið skilmála þá, sem settir eru í byggingarbrjefinu, en hann komi fram með mótmæli gegn útbyggingunni, þá verði að fá útbyggingardóm yfir honum, og að því hafi ekki mátt bera hinn stefnda út af jörðinni með fógetagjörð, fyr en útbyggingardómur var fenginn; enda styrkir efni byggingarbrjefsins að öðru leyti, sjer í lagi 5. grein þess, að því, að þessi skilningur sje rjettur. Af þessu leiðir, að sækjandi ekki hafði heimild til að svipta hinn stefnda afnotum jarðarinnar með útburðargjörð eins og þeirri, er fram fór 7. júnímán. 1870, án þess að dómur væri á undan genginn, og því hlýtur hæstirjettur að vera því samþykkur, að landsyfirrjetturinn hefur eptir kröfum hins stefnda dæmt tjeða fógetagjörð ómerka, og dæmt hinum stefnda bætur fyrir tjón það, er gjörðin hefur bakað honum.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta dóm landsyfirrjettarins, þannig að málskostnaður fyrir yfirdómi virðist mega falla niður, og að málsfærslulaunin til hins skipaða talsmanns sækjandans fyrir yfirdóminum nemist burtu, með því að engin heimild er fyrir þeim í lögum. Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður eptir málavöxtum.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á óraskaður að standa, þó svo, að málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður, og að málafærslulaun þau, sem Guðjohnsen organista eru dæmd, sjeu burtu numin.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður. Til
dómsmálasjóðsins borgi sækjandi 2 krónur.

Í forsendum landsyfirjettardómsins segir svo.

Með byggingarbrjefi, út gefnu 28. júní 1856 af Stefáni Jónssyni, þá verandi umboðsmanni norðurhluta Múkaþverárklosturs, og samþykktu 12. nóvember s. á. af viðkomandi amtmani, var Sigurjóni Magnússyni byggð $\frac{1}{2}$ jörðin Ærlækur í Axarfirði æfilangt, með þeim skilmálum, sem til eru teknir í byggingarbrjefinu, og hjelt hann ábúðinni á jarðarparti þessum, þangað til hinn nú verandi umboðsmaður Múkaþverárklosturs, Eggert Gunnarsson, með skjali, dagsettu 18. september 1869, byggði honum út af jörðinni í næstu fardögum (1870) fyrir þá sök, að hann hefði neitað að borga sama árs landskuld, og ekki heldur að öðru leyti haldið byggingarskilmála sína. Þar eð Sigurjón Magnússon mótmælti útbyggingu þessari, sem honum var birt af stefnuvottunum 30. september 1869, sem ólöglegri, og skoraðist undan að flytja af jörðinni, krafðist Eggert umboðsmaður Gunnarsson af viðkomandi fógeta, að hann bæri Sigurjón út í fardögum 1870, eða setti Jóhannes bónda Pálsson, er þá bjó á hálfri jörðinni Ærlæk til móts við Sigurjón, en nú hafði fengið byggingu fyrir henni allri, inn á hana, og 7. dag júnímán. f. á. var þessari kröfu umboðsmannsins fram fylgt á þann hátt, að fógetinn í Þingeyjarsýslu setti fógetarjett að Ærlæk, og þrátt fyrir mótmæli Sigurjóns, og án þess að leggja nokkurn úrskurð á, hvort þau yrðu tekin til greina, gekk með þingvottunum ásamt Jóhannesi Pálssyni og Sigurjóni Magnússyni um jarðarhúsin á Ærlæk og heimilaði Jóhannesi öll afnot þeirra svo og öll afnot jarðarinnar Ærlækjar, en óheimilaði Sigurjóni að hafa upp frá því nokkur afnot húsa jarðarinnar nje að

brúka nokkuð af jörðinni, og gaf honum til vitundar, hvað við lægi, ef hann ekki hlýðnaðist.

Þessari fúgetagjörð hefur Sigurjón Magnússon nú áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 26. októbermán. f. á., og krafizt þess, að hin áfrýjaða fúgetagjörð verði felld úr gildi, og hinn stefndi umboðsmaður skyldaður til að greiða fullar skaðabætur eptir óvilhallra manna mati, svo og málskostnað skaðlaust eða með einhverju nægilegu; en aptur á móti hefur hinn stefndi, Eggert umboðsmaður Gunnarsson, að fenginni gjafsókn, gjört þá rjettarkröfu, að hin áfrýjaða fúgetagjörð verði staðfest, og áfrýjandinn skyldaður til að greiða sjer 25 rd. í málskostnað.

Þess skal fyrir fram getið, að þar sem áfrýjandinn ekki hefur borið upp nein mótmæli gegn fúgetagjörð þeirri, er hjer liggur fyrir, að því snertir hina formlegu hlið hennar, álítur yfirdómurinn ekki næga ástæðu til, eins og hjer stendur á, að fara ex officio út í formgalla þá, er á gjörðinni kunna að vera, eða að dæma hana fyrir þá sök ómerka. Þegar þá kemur til mál-efnisins sjálfs, þá segir í byggingarbrjefi áfrýjandans, 12. grein þess, að ef hann rjúfi í nokkru skilmála þá, sem það hefur inni að halda, þá varði það útbyggingu, og skuli sú útbygging birt honum að næstu veturnóttum fyrir þá fardaga, er hann á að fara af jörðinni, en ef hann mæli á móti útbyggingunni, verði henni fram fylgt eptir konungsbrjefi frá 11. degi aprilmán. 1781 9. gr., er ræðir um aðför eptir útbyggingardómum og útburðardómum. Að vísu verður að álíta, að konungsbrjef þetta sje fyrir löngu úr lögum numið, sbr. tilsk. 11. júlímán. 1800 10. grein; en þar sem byggingarbrjefið gjörir með berum orðum ráð fyrir, að útbyggingin ein geti ekki, ef leiguliðinn mótmælir henni, svipt hann ábúðarrjetti hans, og skírskotar til tjeðs konungs-

brjefs um það, hvernig umboðsmaður þá skuli fram fylgja úthyggingunni, verður sú skírskotun ekki skilin öðruvísi en svo, að umboðsmaður, þegar svo er, verði að hefja málssókn gegn leiguliðanum fyrir skilmálarof, til þess að hann verði dæmdur til að hafa fyrirgjört ábúðarrjetti sínum, eða með öðrum orðum, verði að henda úthyggingar- eða útburðardóm yfir leiguliðanum, eins og konungsbrjefið gjörir ráð fyrir, ellegar láta hann halda ábúðinni að öðrum kosti; og að þessi skilningur á 12. grein byggingarbrjefsins sje rjettur, sjest ljóslega á 5. grein þess, þar sem segir, að, ef umboðsmaður verði var við nokkurn brest hjá landseta eða hirðuleysi í þeim greinum, sem þar er um rætt, megi landseti búast við að sæta málssókn til að hafa fyrirgjört ábúðarrjetti sínum. Yfirdómurinn fær því ekki betur sjeð, en að aðferð sú, sem hjer hefur verið við höfð gegn áfrýjandanum, að bera hann út af ábýlisjörð hans eptir einni saman úthyggingu hlutaðeigandi umboðsmanns, sje ólögmet og gagnstæð rjettindum þeim, sem byggingarbrjef hans veitir honum, og ber því að dæma hina áfrýjuðu fógetagjörð ómerka, eins og hinum stefnda umboðsmanni einnig, samkvæmt þessum úrslitum málsins, ber að gjalda áfrýjandanum skaðabætur, eptir óvilhallra manna mati, fyrir allt það tjón, er hann hefur bedið af hinni áfrýjuðu fógetagjörð, og að greiða honum málskostnað hjer fyrir rjettinum með 25 rd. Málsfærslulaun hins skipaða talsmanns hins stefnda, er ákveðast til 10 rd., lúkist honum úr opinberum sjóði.

Að því leyti sem mál þetta er gjafsóknarmál, vottast, að það hjer fyrir rjettinum hefur verið flutt forsvaranlega.

Miðvikudaginn 3. febrúarmán.

Nr. 269/1874. Levinsen málaflutningsmaður
skipaður sóknari
gegn
Vigfúsi Guðrúnarsyni eða Hanssyni,
sem er ákærður fyrir þjófnað.

Aukarjettardómur Snæfellsness- og Hnappadals-
sýslu 10. ágústmán. 1872.

«Ákærði Vigfús Guðrúnarson á sæta 3 ára betr-
unarhússvinnu. Þar að auki greiði hann allan af máli
þessu og rannsókn þess löglega leiðandi kostnað, þar á
meðal 2 rd. í málsfærslulaun til svaramanns síns hér
fyrir rjettinum, amtsskrifara Guðmundar Pálssonar.

Dóminum að fullnægja eptir ráðstöfun yfirvaldsins,
undir aðför að lögum».

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi 12. maímán. 1873.

«Ákærði Vigfús Guðrúnarson eða Hansson á að
sæta 40 vandarhagga refsingu, og vera háður sjerlegri
gæzlu lögreglustjórnarinnar í 1 ár; svo borgi hann og allan
af lögsókninni gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar
á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir
yfir dóminum, málaflutningsmannanna Jóns Guðmunds-
sonar og Páls Melsteðs, 6 rd. til hvors þeirra um sig,
og til svaramanns síns í hjeraði, amtsskrifara Guðmund-
ar Pálssonar 2 rd.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri
birtingu hans, undir aðför að lögum».

Dómur hæstarjettar.

Fyrir afbrot það, sem ákærði er orðinn sannur að
sök um, og sem skýrt er frá í hinum afryjaða dómi,
er hann rjettilega dæmdur eptir hegningarlögum 25.

júnímán. 1869, 231. gr. 4. tölulið, og virðist hegning hans samkvæmt þessum lagastað, saman bornum við tilsk. 28. febrúarmán. 1874, sem að nokkru leyti fellir úr gildi 307. grein tjeðra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinnu. Að því er málskostnað snertir, ber að staðfesta dóm landsyfirrjettarins.

Því dæmist rjett að vera:

Vigfús Guðrúnarson eða Hansson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu. Að því er málskostnað snertir, á dómur landsyfirrjettarins óraskaður að standa. Í málsfærslulaun til Levinsens málaflutningsmanns og Buntzens etazráðs fyrir hæstarjetti borgi hinn ákærði 20 kr. til hvors.

Í forsendum landsyfirrjettardómsins segir svo.

Með eigin játningu hins ákærða Vigfúsar Guðrúnarsonar eða Hanssonar í Steingrímsbúð í Rífi og öðrum upplýsingum. sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hinn ákærði, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, hafi nóttina milli hins 17. og 18. september 1870 brotízt inn í spelahjall á bænum Munaðarhóli í Neshrepp ytri í Snæfellsnessýslu, með þeim hætti, að hann braut tvo spela í hjallinum, og smaug svo inn um opið og stal þar 1 kvenntreyju, 1 nærbuxum, 2 pilsum, 5 eða 6 lykkjum af hákarli og 2 löngustykkjum, sem til samans er metið 6 rd. 72 sk., og er munum þessum að mestu leyti skilað aptur eigandanum, Elíasi bónda Kjernesteð á Munaðarhóli, en hann hefur fallið frá endurgjaldi fyrir hið óskilaða, svo hjer er ekki um iðgjöld að ræða. Fyrir þetta afbrot er ákærði dæmdur fyrir aukarjetti Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 10. ágústmán. f. á.

í 3 ára betrunarhússvinnu, samkvæmt 233. grein 2. lið í hegningarlögunum.

Hinn ákærði er áður dæmdur, fyrst með aukarjettardómi Reykjavíkur kaupstaðar frá 6. október 1846 í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað, framinn í fyrsta sinn, og þar næst með landsyfirjettardómi frá 3. október 1853 fyrir þjófnað, framinn í annað sinn, í 2×27 vandarhagga refsingu og til að vera háður sjerlegri gæzlu lögreglustjórnarinnar í 16 mánuði; en þar sem þessum hinum síðar nefnda dómi er fullnægt 15. marz 1854, og þannig eru liðin meir en 10 ár frá því, að ákærði hefur tekið út hegninguna eptir honum, og þangað til hann drýgði afbrot það, sem þetta mál er risið af, þá verður ákærði nú samkvæmt hegningarlaganna 62. grein, smbr. 309. grein, ekki dæmdur fyrir ítrekaðan þjófnað, heldur ber að dæma hann eptir hegningarlaganna 231. gr. 4. tölulið, smbr. 58. gr., og virðist hegning hans þá hæfilega metin 1 árs hegningarvinna, sem samkvæmt tilsk. 24. janúar 1838, 4. gr. a, afplánast með 40 vandarhöggum og að vera háður sjerlegri gæzlu lögreglustjórnarinnar í 1 ár. Svo ber hinum ákærða og að borga allan af málssókninni gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 6 rd. til hvors um sig og til svaramanns síns í hjerði 2 rd. í málsfærslulaun.

Á meðferð og rekstri málsins í hjerði hefur staðið mjög svo lengi, sem að nokkru leyti rjettlætist af útvegum hinna nauðsynlegu upplýsinga, sem undirdómarinn hefur þurft að útvega úr ýmsum áttum; þar á móti er sá dráttur, sem orðinn er á afgreiðslu undirjettardómsins til birtingar, frá 10. ágúst til 1. nóvember f. á., ekki rjettlættur; en þar sem ákærði ekki sat í varðhaldi, og það ekki heldur sjezt af rjettargjörðun-

um, hvenær dómurinn hafi verið sendur stefnuvottun-
um til birtingar, virðist ekki full ástæða til að láta
þennan drátt varða undirdómarann ábyrgðar. Þess ber
einnig að geta, að undirdómarinn ekki hefur útvegað
og lagt fram dóma þá, sem áður höfðu gengið yfir hinn
ákærða, hvað eð hann þó hefði átt að gjöra. — Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur ver-
ið lögmæt.

Þriðjudaginn 16. febrúarmán.

No. 48/1874: Fyrrum yfirdómari Benidikt
Sveinsson

(flutti málið sjálfur)

gegn

kaupmanni H. Th. A. Thomsen
(Brock málaflutningsmaður)

um laxveiði í Elliðaánum á Íslandi.

Aukarjettardómur Gullbringu- og Kjósarsýslu

3. októbermán. 1870.

Fógetabann það, sem lagt hefir verið gegn vatns-
stýflum í Elliðaánum af fógetarjetti Gullbringu- og
Kjósarsýslu þann 3. júlí 1869 ber að staðfesta þannig,
að það gildi, eins og í ofantjeðu banni er til tekið, að
svo miklu leyti verulega breyting á vatnsmegni Elliða-
áanna áhrærir.

Aðalsækjandinn, kaupmaður H. Th. A. Thomsen,
er skyldur undir daglega sekt 3 — þrjá — ríkisdali,
sem til falli fátækra sjóði Seltjarnarness- og Mosfells-
sveitar til helminga, að nema burtu þvergirðingar þær
úr Elliðaánum, er hann þar hefur til laxveiða. Að öðru
leyti eiga málspartarnir hvor fyrir annars rjettarkröfum
í sök þessari fríir að vera. Hinn stefndi fógeti, H. E.
Clausen, á í sök þessari fyrir rjettarkröfum gagnsækj-
anda, assessors B. Sveinssonar, frí að vera.

Í málskostnað ber aðalsækjandanum, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, að greiða til gagnsækjandans, assessors B. Sveinssonar, 50 — fimmtíu — ríkisdali ríkismyntar, og í laun til hins skipaða málsfærslumanns hins stefnda fógeta, organista P. Guðjohnsen, greiðist 5 rd. úr opinberum sjóði.

Hið í dæmda að greiða og dómi þessum að fullnægja innan 15 — fimmtán — daga frá dóms þessa löglegri birtingu, undir aðför að lögum».

Dómur landsyfrrjettarins á Íslandi 18. septembermán. 1871.

«Fógetabann það, sem lagt var niður af fógeta-rjettinum í Gullbringu- og Kjósarsýslu þann 3. júlí 1869 og pólitíjrjettargjörð af 9. s. m. á óraskað að standa, þó þannig, að bannið gildi að eins fyrir tíma-bilið frá 1. júní til 30. september incl. ár hvert. Að öðru leyti eiga þeir aðaláfrýjandi og gagnáfrýjandi hvor fyrir annars kærur og kröfum í máli þessu sýknir að vera. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður».

Dómur hæstarjettar.
Eptir upplýsingum þeim, sem fyrir hendi eru, og sem sumpart eru útvegaðar, eptir að hinn áfrýjandi dómur var upp kveðinn, hefur frá gamalli tíð verið farið með laxveiði þá í Elliðaánum, sem dómurinn ræðir um, og sem hefur verið afsöluð stefnda, eins og sjerstaka eign, aðgreinda frá jörðum þeim, sem að ánum liggja og áður voru eign konungs, og síðan um miðja fyrri öld hefur hún verið seld á leigu sjerstaklega. Þar að auki hefur laxveiðin að minnsta kosti frá miðri fyrri öld, og þá einnig þegar jarðirnar Elliðavatn og Helliskot, sem stefnandinn á allar, og jörðin Árbær, sem hann á hálfan, voru seldir einstökum mönnum af kon-

ungi — en Elliðavatn var selt 1815, Helliskot 1837 og Árbær 1839 — verið notuð meðal annars á þann hátt, að árnar hafa verið þvergirtar, og laxakistur settar í girðingarnar; og verður ekki álitid, að veiðivjelar þessar, sem tálma laxinum að ganga lengra upp eptir ánni, hafi áður fyrri og sjer í lagi um þær mundir, er nefndar jarðir voru seldar, verið í neinu verulegu frábrugðnar veiðivjelum þeim, sem á seinni tímum hafa verið við hafðar, og eins verður að ætla, að þær hafi verið hafðar í báðum kvíslum árinna, að minnsta kosti síðan um 1780. Það verður ekki álitid, að veiðiaðferð sú, sem þannig var við höfð af hendi konungs, hafi komid í bága við 56. kapítula í landsleigubálki Jónsbókar, þar sem bannað er að þvergirða á; því tilgangurinn með þessari ákvörðun verður ekki álitinn að vera annar en sá, að vernda veiðirjett jarða þeirra, sem liggja að ánni ofar, og sem aðrir menn eiga, en hins vegar getur hún ekki átt við, þar sem, eins og hjer átti sjer stað, sami eigandi átti allar jarðirnar, sem að ánum liggja. Þegar litid er á, hvernig afsalsbrjef konungs fyrir ofan nefndum jörðum eru orðuð, er ekki næg ástæða til að álykta svo, að ætlazt hafi verið til með þeim að selja jarðirnar með yfirgrípsmeiri rjetti til veiðar í ánum fyrir landi jarðanna, heldur en fram á þann dag hafði fylgt jörðunum, eða heldur en leiguliðar konungs á þeim höfðu notað, nje með því móti að takmarka laxveiði þá í ánum, sem rekin hafði verið á kostnað konungssjóðsins, en sem á þeim árum var seld á leigu sjerstaklega, og þar eð svo ber að álita, að með kaupbrjefinu 11. desembermán. 1853 hafi laxveiðin verið seld föður hins stefnda að öllu leyti eins og hún til þess tíma hafði verið notuð, þá verður sú krafa stefnandans, að hinn stefndi verði skyldaður til að nema burtu þvergirðingar sínar úr ánum, ekki tekin

til greina. Þar sem það þar að auki hlaut að vera skylda stefnandans, að láta hinn stefnda óhindraðan í notum veiðirjettar þess í ánum, er honum eptir áður sögðu þar, hlýtur forboðið 3. júlímán. 1869, er dómurinn ræðir um, og sem stefnandinn hafði gefið tilefni til með því, hvornig hann notaði vatnið í ánum um þær mundir, að álitast á góðum rökum byggt, er það, eins og nóg samlega er tekið fram í forsendum fógetaúrskurðarins, einasta fer fram á, að ekki megi gjöra neina verulega breytingu á vatnsmegni ána, og þegar forboðið, eins og í dómnum er ákveðið, er einskorðað við að gilda um tímabilið frá 1. júní til 30. september ár hvert.

Eins og málið liggur fyrir hæstarjetti, þá getur, eptir því sem að framan er sagt, einasta orðið spurning um, hvort stefnandinn eigi rjett á skaðabótum í tilefni af nefndu forboði, að svo miklu leyti sem það var í gildi á tímabilinu frá 1. októbermán. 1869 til 1. júnímán. 1870, því það var ekki fyr en hinn síðar nefnda dag, að hinn stefndi einskorðaði kröfu sína um staðfestingu forboðsins þannig, að það að eins skyldi vera í gildi áður nefnda fjóra mánuði ársins. En þó aldrei nema svo yrði álitíð, að stefnandinn hefði beðið nokkurt tjón af því, að hann ekki hafði full ráð á vatninu í ánum þessa 8 mánuði til vatnsveitinga á engjar sínar — en jafnvel eptir því sem stefnandinn sjálfur hefur fram borið sjer í lagi um það, hvaða tíma árs sje hentast að veita vatni á engjar, virðist mjög efasamt, að hann hafi beðið neitt slíkt tjón — getur rjetturinn ekki dæmt honum neinar skaðabætur í þessu skyni, af því allar þær upplýsingar vanta, sem nauðsynlegar eru til þess, að upphæð skaðabótanna verði til tekin, og ekki yrðu matsmenn heldur látnir ákveða þær, af því nægilegan grundvöll vantar. Með því að

stefnandinn hefur borið á móti því, að hann hafi átt neinn þátt í að byggja stýflugarð þann, sem tekinn var upp með lögreglurjettargjörð 9. júlímán. 1869, en gjörð sú er staðfest af landsyfirrjettinum, þá hefur hinn stefndi fyrir hæstarjetti fallið frá kröfu sinni um staðfestingu gjörðar þessarar, og ber því að breyta þessu atriði í dóminum. En að öðru leyti hlýtur hæstirjettur samkvæmt því, sem að framan er sagt, að fallast á niðurstöðu þá, sem landsyfirrjetturinn hefur komið að í dómi sínum, einnig að því, er snertir málskostnað, nema hvað bæta verður þar við ákvörðuninni í undirrjettardómnum um málsfærslulaun þau, er Guðjohnsen organista bera; og ber því að staðfesta landsyfirrjettardóminn, er þessu tvennu er vikið við. Málskostnaður fyrir hæstarjetti virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á óraskaður að standa, þó þannig að staðfesting lögreglurjettargjörðarinnar 9. júlímán. 1869 nemist burtu, og að Guðjohnsen organista veitist 10 krónur í málsfærslulaun fyrir undirrjetti, er borgist úr opinberum sjóði. Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður. Til dómsmálasjóðsins borgi stefnandinn 10 krónur.

Forsendur landsyfirrjettardómsins eru svo látandi:

Upptök þessa máls eru þau, að aðaláfrýjandinn, fyrverandi assessor Benidikt Sveinsson á Elliðavatni, ljet sumarið 1869 ýmist stífla vatnið í Elliðaánum, þar sem kaupmaður H. Th. A. Thomsen, gagnáfrýjandi þessa máls, hefur laxveiði fyrir neðan, ýmist hleypa því

aptur í farveg sinn, svo árnar urðu við það ýmist hálfurrar, svo laxinn gat ekki gengið upp eptir þeim sökum vatnsþurrðar, eða árnar, þegar stíflurnar voru teknar úr þeim, urðu svo vatnsmiklar fyrir neðan stíflurnar, að þær flóðu langt upp fyrir garða þá og laxakistur, sem áfrýjandinn hefur í ánum vegna laxveiðarinnar. Þar eð nú gagnáfrýjandanum þótti með þessu rjetti sínum gengið of nærri og laxveiði sinni spillt, skoraði hann á hlutaðeigandi fógeta að hlutast í málið og leggja forboð gegn gördum og stíflum aðaláfrýjandans í ánum. Þann 3. júlí 1869 lagði fógétinn löglegt bann gegn því, að aðaláfrýjandinn með stíflum, flóðgördum eða á annan hátt hindraði rás vatnsins í Elliðaánum, og þessu forboði fylgdi kaupmaður Thomsen síðan fram, eins og lög standa til, fyrir undirrjettinum til staðfestingar, og krafðist jafnframt þess, að aðaláfrýjandinn yrði dæmdur til að borga sjer fyrir veiðisþjöll, armæðu og gremju 500 rd. og í málskostnað 50 rd., samt að hinu opinbera yrði geymdur rjettur gegn aðaláfrýjandanum til sekta, ábyrgðar og málskostnaðar fyrir það, að hann hefði látið spilla veiðigirðingum gagnáfrýjandans. Hinn stefndi, fyrverandi assessor Benidikt Sveinsson, höfðaði gagnsókn á hendur kaupmanni Thomsen og krafðist, að lög­bannið frá 3. júlí 1869 yrði fellt úr gildi, og hann frí dæmdur fyrir öllum ákærum aðalstefnanda; að pólití­rjettargjörð frá 9. júlí 1869, með hverri fógétinn samkvæmt lög­banninu frá 3. s. m. hafði tekið upp nokkrar girðingar, er aðaláfrýjandinn hafði látið gjöra í ánum, verði dæmt ómerk, og gagnáfrýjandinn sektaður fyrir miska þann og rírd á almenningsáliti, sem sjer með þessu hefði verið bökuð, og enn fremur krafðist hann skaðabóta og fyrir gjaldtraustsspilli og miska m. fl. 1322 rd. 64 sk. árlega frá 3. júlí 1869 og þangað til lög­bannið yrði hafið og loks málskostnaðar skaðlaust.

Undir rekstri málsins tók aðaláfrýjandinn, fyrrum assessor Benidikt Sveinsson, út framhaldsgagnstefnu og krafðist enn fremur, að kaupmanni Thomsen yrði frá-dæmdur allur rjettur til þvergirðinga í Elliðaánum, og hann skyldaður til, að við lögðum daglegum sektum, að nema þær í burtu og þar að auki að borga sjer frá 6. júlí 1863 veiðispilli og veiðirán fyrir 3 eignarjörðum aðaláfrýjandans, er land eiga að ánum, eptir óvilhallra manna mati, en ekki meira en 600 rd. og ekki minna en 300 rd. Með dómi undirrjettarins 3. október f. á. var fógetabannið frá 3. júlí 1869 staðfest, þannig að það gildi, eins og í banninu er ákveðið, að svo miklu leyti verulega breytingu á vatnsmegninu í Elliðaánum snertir; en kaupmaður Thomsen (gagnáfrýjandinn) skyldaður til, undir 3 rd. daglega sekt, að taka í burtu þvergirðingar þær úr Elliðaánum, er hann hafði þar til laxveiðar sinnar, og borga assesor B. Sveinssyni (aðaláfrýjandanum) 50 rd. í málskostnað. Fógetinn, sýslumaður Clausen, var þar á móti frí dæmdur, og svaramanni hans dæmd laun úr opinberum sjóði með 5 rd. r. m.

Þessum dómi áfrýjuðu þeir assessor Benidikt Sveinsson og kaupmaður Thomsen, þessi sem aðaláfrýjandi, hinn sem gagnáfrýjandi, síðan fyrir landsyfirrjettinn, en vegna formgalla var bæði aðaláfrýjunarstefnunni og gagnstefnunni vísað frá yfirdóminum með dómi, upp kveðnum 6. marz þ. á.; svo stefndu þeir assessor Sveinsson og kaupmaður Thomsen málinu að nýju til 1. maí næst á eptir, og eptir að málinu aptur hafði verið frá vísað með dómi yfirrjettarins 19. juní þ. á., tóku máls-partarnir 23. s. m. út nýjar stefnur til landsyfirrjettarins í málinu til 17. júlí næst á eptir, assessor B. Sveinsson sem aðaláfrýjandi og kaupmaður Thomsen sem gagnsækjandi, og hafa málspartarnir, hvor um sig, í

öllu verulegu haldið fram þeim rjettarkröfum, sem þeir höfðu áður gjört, er aðalstefnandinn áfrýjar málinu til að ávinna fullnaðardóm að öllu eptir hans fyrri gagnstefnum í málinu procedure og rjettarkröfum, en gagnáfrýjandinn krefst, að undirrjettardómurinn, hvað fógetabannið sjálft snertir, ásamt pólitírjettargjörðinni frá 9. júlí 1869 verði staðfest, þó svo að bannið að eins nái yfir tímabilið frá 1. júní til 30. september ár hvert; en að undirrjettardómnum verði að öðru leyti hrundið og breytt þannig, að hann verði frí fundinn fyrir þeirri kröfu mótpartsins, að taka í burtu girðingar sínar úr Elliðaánum, en dæmdur rjettur til veiðar í ánum á sama hátt sem hingað til eptir afsalsbrjefi hans frá 11. desember 1853 og leiguskilmálum 1. ágúst 1791 og 4. júlí 1828 allt frá Stórahyl út að Árbæjarhöfða og Gelgjutanga samt málskostnaður fyrir undirrjettinum með 50 rd. og fyrir yfirdóminum skaðlaust, og skaðabætur fyrir veiðispjöll o. s. frv. með þeirri upphæð, sem hann hafði krafizt við undirrjettinn.

Hvað realitet eða aðalefni málsins þar næst snertir, bera rjettargjörðirnar með sjer, að laxveiðin í Elliðaánum, sem konungur átti, var með konunglegu afsalsbrjefi frá 11. desember 1853 afsöluð föður gagnstefnandans, kaupmanni D. Thomsen, frá Stórafossi að ofan og niður til sjávar milli Gelgjutanga og Árbæjarhöfða, með öllum rjetti, sem veiðinni hefði fylgt frá gömlum tímum, fylgi og fylgja eigi með rjettu, og er kaupanda heimilað að gjöra sjer veiðina svo arðsama, sem hann hafi vit á, vilji og geti. Áður en salan fór fram, hafði laxveiðarrjetturinn um langan aldur verið sjerstök eign og legið undir konung, aðskilin frá jörðunum, sem að ánum liggja, og sem einnig voru konungs eign, en seinna eru orðnar eign einstakra manna, án þess að þeim fylgdi neinn veiðirjettur í Elliðaánum; en hann

var með útilokun þeirra, sem jarðir áttu að ánum, einungis í hendi þess manns, sem fengið hafði veiðina á leigu á uppboðsþingi, og hann hafði heimild til að haga veiðinni, eins og honum þótti best henta. Það er engum vafa bundið, að veiðiaðferðin hefir, síðan á fyrri öld, verið hin sama og nú er við höfð, að árnar hafa verið stíflaðar og þvergirtar, og kistur (laxakistur) verið lagðar í þær, og laxinn verið veiddur í kisturnar, og þessa veiðiaðferð hefur gagnáfrýjandinn og faðir hans, frá hverjum hann fjekk veiðina í Elliðaánum, við haft á sama hátt og við gekkst, meðan veiðin var seld á leigu. Þetta sýna uppboðsskilmálarnir um veiðina í Elliðaánum frá 1791 (No. 17 í undirrjettargjörðunum) og frá árinu 1828 (9. fylgiskjal að No. 2 l. c.) og hinn undir No. 19 fram lagði útdráttur úr riti N. Horrebows «Tilforladelige Efterretninger om Island» frá árinu 1752, smbr. útdrátt af riti landfógeta Skúla Magnússonar (No. 36 í undirrjettargjörðunum), sem segir að 3 fastar kistur hafi þá verið við hafðar við laxveiðina í Elliðaánum af þeim manni, sem þá hafði veiðina á leigu.

Veiðiaðferð sú, sem gagnáfrýjandinn nú við hefur í Elliðaánum, er þannig hin sama, sem tíðkæzt hefur í ómunatíð, að árnar hafa verið stíflaðar og þvergirtar, og laxinn verið veiddur í laxakistur; en gamla veiðiaðferðin, sem upprunalega virðist hafa verið við höfð — sjá máldagann um eignir Viðeyjarstaðar og kirkju frá 13. öld, No. 27 í undirrjettargjörðunum — nefnilega: með útfalli sjávar og um fjöru að byggja voggarða í árósunum, draga fyrir og veita ánum af, hefur því mjög snemma lagzt niður, en sú veiðiaðferð, sem nú er við höfð, tekizt upp, og hún er nú orðin svo gömul, að eigi verður rakið fyrir upphaf hennar. Þegar þessu er nú þannig varið, að gagnáfrýjandinn hefur í engu breytt til um veiðiaðferðina í Elliðaánum, en að eins haldið

þeirri veiðiaðferð fram, sem tíðkaðist, þegar hann varð eigandi að ánum, það er með því að þvergirða og stífla árnar og leggja kistur í þær, og þetta hefur við gengið marga mannsaldra, getur ekki orðið spurning um að taka til greina kröfu aðaláfrýjandans, að gagnáfrýjandi verði skyldaður til að taka girðingarnar og kisturnar, sem hann hefur lagt í árnar vegna veiðarinnar, í burtu, enda yrði gagnáfrýjandinn þá sviptur þeim rjetti til veiðarinnar, sem hann er löglega að kominn, og stjórnin hefur heimilað honum með þeim rjettindum, sem frá fornu fylgt hafi. Þetta getur landsyfirretturinn því síður aðhyllt, sem það má álitast sannað af hinum tilvitnaða máldaga um eignir Viðeyjarstadar, að laxveiðin í Elliðaánum var frá skilin jörðunum þegar á 13. öld, og var — líkt og gekk til um í-tök og rjettindi kirkna — komin undir opinberar stofnanir að gjöfum eða sölum, in casu: undir staðinn og kirkjuna í Viðey, kirkjuna í Laugarnesi og á Nesi, og það þar að auki er sannað, að veiðirjetturinn í Elliðaánum aldrei, eptir að Viðeyjarklaustur og Laugarnes- og Neskirkja komust undir konung, sem og jarðir þær, er aðaláfrýjandinn á, og land eiga að ánum, hefur legið eða lagður verið til jarðanna, eins og líka var í edli sínu, þar sem um rjettindi kirkna var að ræða; en þegar jarðir þessar ekki hafa, síðan á 13. öld öndverðri, átt neina laxveiði í Elliðaánum, en hún verið sjerskilin eign og aðskilin frá jörðunum og seld og keypt sem slík með þeim rjettindum, sem henni frá gamalli tíð hafa fylgt, leiðir þar af, að aðaláfrýjandinn ekki getur gjört fyrir þær tilgreindu jarðir sínar neina laxveiðarkröfu í Elliðaánum, þó jarðir þessar eigi land að ánum. Í engu af afsalsbrjefunum fyrir jörðum þeim, sem liggja að Elliðaánum, og konungur hefur látið selja, er þeim heldur áskilin hlutdeild í laxveiði í Elliða-

ánum, en að eins í venjulegum og almennum orðum sagt, að jörðunum skuli fylgja það, sem þeim hafi fylgt, ekki frá öndverðu, heldur frá gamalli tíð, fylgi og fylgja eigi, og aðaláfrýjandinn getur því ekkert byggt á þessum afsalsbrjefum.

Þar eð það þannig verður að álitast nægilega sannað, að gagnáfrýjandinn eigi útilokandi rjett til laxveiðar í Elliðaánum innan þeirra takmarka, sem að framan eru tilgreind og með þeirri veiðiaðferð, sem um ómunatíð hefur viðhöfð verið, og það einnig verður að álitast sannað, að stíflur og vatnsveitingar þær, sem aðaláfrýjandinn við hafði árið 1869, hafi verulega skaðað laxveiði gagnáfrýjandans, leiðir það af hinni almennu reglu landslaganna: «enginn má fyrir öðrum veiði spilla», að fógetabannið frá 3. júlí 1869, sem aðeins fer því fram, að aðaláfrýjandinn megi eigi raska hinni eðlilegu rás vatnsins í Elliðaánum, verður að álitast á gildum rökum byggt og því að staðfestast, þó þannig, að bannið að eins gildi fyrir tímabilið frá 1. júní til 30. september ár hvert, og ber þá einnig að staðfesta pólití-rjettargjörðina frá 9. júlí 1869, og að frífinna gagnáfrýjandann fyrir kærum og kröfum aðaláfrýjandans í máli þessu. Að því er snertir skaðabótakröfur gagnáfrýjandans, liggja þær hjer ekki svo fyrir, að rjetturinn geti tekið þær til greina. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir kringumstæðunum eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 26. maímán.

No. 116/1875: Levinsen málaflutningsmaður
skipaður sóknari
gegn

Kristbjörgu Björnsdóttur
(talsmaður: Klubien),

sem ákærð er fyrir fæðingu í dulsmáli og barnsmorð.

Dómur, upp kveðinn fyrir aukarjetti Reykjavíkur kaupstaðar 8. desembermán. 1874.

«Hin ákærða Kristbjörg Björnsdóttir á að sæta 8 ára betrunarhússvinnu og borga allan af varðhaldi sínu og máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 5 rd. til talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, yfirrjettar-málaflutningsmanns Páls Melsteðs.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum».

Dómur landsyfirrjettarins á Íslandi 1. febrúarmán. 1875.

«Hin ákærða Kristbjörg Björnsdóttir á að sæta 6 ára betrunarhússvinnu. Um málskostnað í hjeraði á dómur undirrjettarins óraskaður að standa; svo borgar hin ákærða og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Guðmundssonar og Páls Melsteðs, 14 krónur til hvors í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum».

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt atvikum málsins, eins og frá þeim er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, hlýtur hæstirjettur að fallast á, að hin ákærða er dæmd eptir 193. gr. 1. lið í almennum hegningarlögum handa Íslandi, en eptir málavöxtum virðist mega færa hegninguna niður í 5 ára betrunarhússvinnu. Með þessari breytingu á hegningartímanum ber að staðfesta dóminn, einnig að því er snertir fyrirmæli hans um málskostnaðinn.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á óraskaður að standa, þó svo að hegningartíminn sje ákveðinn 5 ár.
Í málsfærslulaun til málaflutningsmannanna

Levinsen og Klubien fyrir hæstarjetti borgi
hin ákærða 30 krónur til hvors.

Ástæður landsyfirjettardómsins eru prentaðar hjer
að framan á 6.—8. bls.

Miðvikudaginn 1. septembermán.

No. 47/1875: Fjárhagsstjórnarráðið fyrir hönd
ríkissjóðsins
(hinn setti «Kammeradvocat»,
etazráð Buntzen)
gegn

skiptaráðandanum í Dalasýslu,
Lárusi sýslumanni Blöndal fyrir
hönd dánarbús Magnúsar Gísla-
sonar, fyrrum setts sýslumanns,
(af hans hendi mætti enginn)

um það, hvort kröfu ríkissjóðsins í tjeðu dánarbúi beri
forgöngurjettur.

Dómur landsyfirjettarins á Íslandi 11. septemberm. 1871.

«Skiptagjörðin á dánarbúi Magnúsar Gíslasonar á,
að því leyti sem henni er áfrýjað, ómerk að vera, og
ber skiptaráðandanum að taka búið til skipta að nýju,
þannig að krafa ríkissjóðsins í búinu, að upphæð 469
rd. 65 sk., hafi forgöngurjett fyrir áföllnum rentum af
veðskuldakröfu bróður og systkynabarna hins framliðna.
Hinum skipuðu talsmönnum málspartanna, málaflutn-
ingsmönnum Páli Melsteð og Jóni Guðmundssyni
bera hvorum um sig 10 rd. í málsfærslulaun, er lúk-
ist þeim úr opinberum sjóði».

Dómur hæstarjettar.

Þar eð veðskuldabref það, sem rætt er um í hin-

um áfrýjaða dómi, er lesið á þingi 9. maímán. 1854, og þannig áður en Magnús Gíslason tók við Dalasýslu sem settur sýslumaður — en það virðist hann hafa gjört árið 1861 — þá hlýtur af því atriði einu saman að leiða, smbr. tilsk. 30. janúarmán. 1793, 40. gr., að þeim hluta af kröfu ríkissjóðsins, sem er fölginn í 6-loknum sýslugjöldum frá þeim tíma, sem hann veitti nefndu sýslumannsembætti forstöðu, að upphæð 255 rd. 64 sk., getur ekki borið forgöngurjettur fyrir kröfu hinna stefndu samkvæmt áður nefndu skuldabryjfi. Að því er þessu næst snertir kröfu ríkissjóðsins um ólokin sýslugjöld af Ísafjarðarsýslu frá fjárhagsárinu 1852—53 — en í það embætti virðist Magnús Gíslason hafa verið settur árið 1852, og þannig áður en veðskuldabryfið var lesið á þingi — þá ber þess að geta, að skipunarbrjef hans til að þjóna sýslunni hefur ekki verið lagt fram undir rekstri málsins, enda ekki á annan hátt verið skýrt frá, hvornig það var orðað, nje sjer í lagi frá því, hvort ríkissjóðnum í því sjerstaklega hafi verið áskilinn sá forgöngurjettur fyrir gjöld þau, er honum var trúað fyrir, sem «Kammerretsordning» 18. marzmán. 1720, 1. kap. 17. gr., og tilsk. 30. janúarmán. 1793, 40. gr., mæla fyrir um. En þó að gjöra mætti ráð fyrir, að þessi forgöngurjettur hafi verið áskilinn í skipunarbrjefinu, þá hlýtur það samt að leiða af tilsk. 30. janúarmán. 1793, 34. gr. smbr. tilsk. 24. aprílmán. 1833, 2. gr., að krafa ríkissjóðsins gat því að eins gengið fyrir tjeðri veðkröfu í fasteign, að skipunarbrjefið hefði verið lesið á varnarþingi fasteignarinnar, en eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, verður ekki álitid, að það hafi verið gjört. Að vísu hefur sækjandinn haldið því fram fyrir hæstarjetti, að þessi þinglestur hljóti að hafa verið óþarfur, eins og hjer stóð á, þar sem Magnús Gíslason hafi sjálfur í opt

nefndu veðskuldabryði sínu kallað sig settan sýslumann í Ísafjarðarsýslu, og hinir stefndu því hafi hlotið að vita, að hann var skipaður til að taka á móti tekjum ríkissjóðsins; en þessari skoðun sækjandans getur hæstirjettur ekki verið samþykkur, af því að ekki er sannað, eins og áður er sagt, að tekjum ríkissjóðsins hafi með berum orðum verið áskilinn forgöngurjettur í skipunarbrjefinu, og ekkert annað er fram komið, er sýni, að hinum stefndu hafi verið kunnugt um neitt slíkt skilyrði. Samkvæmt þessu hlýtur hæstirjettur að fallast á niðurstöðu þá, sem landsyfirrjetturinn hefur komið á í dómi sínum, að svo miklu leyti sem hæstirjettur á að dæma um hana, eins og málinu er stefnt, og ber því að staðfesta nefndan dóm að við bættri ákvörðun um, að málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður, og þar að auki ber að nema burtu málsfærslulaun þau, sem hinum skipaða talsmanni sækjandans fyrir yfirdómi eru dæmd, með því þau ekki eru heimiluð í lögum.

Því dæmist rjett að vera:

Dómur landsyfirrjettarins á óraskaður að standa, þannig að málskostnaður fyrir yfirdóminum falli niður, og að málsfærslulaun þau nemist burtu, sem Melsteð málaflutningsmanni eru dæmd.

Ástæður landsyfirrjettardómsins hljóða svo:

Með stetni 20. marzmán. þ. á. er að tilhlutun dómsmálastjórnarinnar áfrýjað fyrir yfirdóminn ríkissjóðsins vegna, að veittri gjafsókn og uppreisn, skiptum á þotabúi Magnúsar sál. Gíslasonar, leiddum til lykta af skiptarjettinum í Dalasýslu 18. nóvembermán. 1869, til þess að tjeðum skiptagjörðum verði hrundið og breytt þannig, að í stað þess að skiptaráðandinn hefur veitt veðskuldakröfum nokkrum í búinu með á-

föllnum rentum, að upphæð alls 522 rd. 40 sk., forgangsriett fyrir 469 rd. 65 sk. kröfu, er ríkissjóðurinn átti í dánarbúinu, og að eins út lagt ríkissjóðnum 20 rd. 76 sk. af allri kröfu hans, þá verði skiptaráðand-
anum gjört að skyldu að taka dánarbúið fyrir að nýju til löglegri skipta, svo að kröfu ríkissjóðsins verði til-
hlýðilega fullnægt. Aptur hafa hinir stefndu eigendur tjeðra veðskulda krafizt þess, fyrst og fremst, að mál-
inu verði frá vísað, og til vara, að hin áfrýjaða skipta-
riettargjörð verði látin óröskuð standa.

Frávísunarkröfu sína hafa hinir stefndu byggt sum-
part á því, að uppreisn sú, sem veitt hafði verið til á-
frýjunar skiptagjörðinni, hafi ekki fylgt áfrýjunarstefn-
unni, sumpart á því, að ekki hafi verið sjerstaklega á-
frýjað úrskurði skiptarjettarins um mótmæli, er fram
höfðu komið gegn einum pósti í kröfu ríkissjóðsins af
hendi hinna skuldaheimtumannanna; en yfirdómurinn
fær ekki sjeð, að þessi frávísunarkrafa sje á neinum
rökum byggð, því þar sem þess með berum orðum er
getið í áfrýjunarstefnu þeirri, sem hjer liggur fyrir, að
uppreisn sje fengin, þá verður það að álítast nægilegt,
því fremur sem hinir stefndu hafa látið mæta af sinni
hendi hjer fyrir rjettinum eptir stefnunni, og hvað úr-
skurð þann snertir, sem hinir stefndu álíta að átt hefði
að áfrýja sjerstaklega, þá er með honum ákveðið, að
mótmæli þau, sem fram höfðu komið gegn einum pósti
í skuldakröfu ríkissjóðsins, verði ekki tekin til greina,
svo að hann er áfrýjandanum beinlínis í vil, og gat því
ekki verið umtalsmál fyrir hann að áfrýja úrskurði
þessum.

Þegar þá kemur til málefnisins sjálfs, eru mála-
vextir þessir. Á árunum 1849—51 og 1852—55 hafði
Magnús heitinn Gíslason verið settur sýslumaður í Ísa-
fjarðarsýslu og komist þar í skuld við ríkissjóðinn fyrir

tekjunum af sýslunni, hvar af enn þá voru óborgaðir við lát hans 214 rd. 1 sk. af sýslugjölduum fyrir árið 1852—53. Seinna var hann settur sýslumaður í Dalasýslu, og átti hann enn fremur ólokið af tekjunum af tjeðri sýslu fyrir fjárhagsárin 1864—65 og 1865—66: 255 rd. 64 sk. Þessari kröfu ríkissjóðsins, samtals 469 rd. 65 sk., hefur hlutaðeigandi amtmaður lýst í dánarbúinu og krafizt, að hún verði tekin til greina með þeim forgangsrjetti, sem henni ber að lögum. Samkvæmt veðskuldabryjefi, dagsettu 2. septembermán. 1853 og þinglesnu 9. maímán. 1854, án neinna athugasemda, hafði Magnús Gíslason fengið hjá móður sinni Ragnhildi Gottskálksdóttur á Kaldárbakka 700 rd. lán og sett eignarjörð sína Álptártungu á Mýrum í veð fyrir borgun lánsins, án þess þó að neinar rentur væru áskildar í veðskuldabryjefinu. Þegar tjeð Ragnhildur Gottskálksdóttir dó, 24. janúarmán. 1856, var þessi skuld óborguð, og var þá við skiptin á búi hennar 8. septembermán. s. á. nokkuð af skuldinni útlagt samerfingjum Magnúsar með þeirri skuldbindingu fyrir hann, að svara 3% árlega í rentur þangað til borgun skeði. Af þeirri upphæð, sem þannig var útlögð samerfingjum Magnúsar Gíslasonar af nefndri skuld, voru enn óborgaðir við lát hans 374 rd. 28 sk., og hefur hlutaðeigandi skiptaráðandi við skiptin á dánarbúi Magnúsar látið ekki að eins þessa 374 rd. 28 sk., heldur einnig áfallnar rentur af þeim frá 8. septembermán. 1856, að upphæð 148 rd. 12 sk., ganga fyrir ofan nefndri kröfu ríkissjóðsins.


Yfirdómurinn verður nú að vera á sama máli og skiptaráðandinn um það, að upphæð sú, sem var útlögð samerfingjum Magnúsar Gíslasonar við skiptin á dánarbúi móður hans og enn var óborguð við lát hans, alls 374 rd. 28 sk., eigi sem þinglesin veðskuldakrafa

í fasteign að ganga fyrir kröfu ríkissjóðsins, ekki að eins þeim hluta hennar, sem orðinn er til löngu eptir að framangreint veðskuldabréf var út gefið, heldur einnig fyrir þeim 214 rd. 1 sk., sem Magnús skuldaði ríkissjóðnum, þegar hann gaf veðskuldabréfið út, því þó að ríkissjóðurinn samkvæmt tilsk. 19. desembermán. 1821 og tilsk. 30. janúarmán. 1793, 40. gr., hafi veðrjett í öllum eigum embættismanna þeirra, sem veita tekjum hans móttöku, fyrir skil á tekjum þessum, þá virðist það beinlínis leiða af hinum seinni ákvörðunum laganna um þinglestur afsalsbrjefa, veðskuldabrejfa og annara þeirra skjala, sem takmarka rjett manna til frjálsra umráða yfir eigum sínum, sjer í lagi af ákvörðunum tilskipunarinnar 24. aprílmán. 1833, að þessi veðrjettur ríkissjóðsins því að eins getur gengið fyrir veðrjetti í eigum embættismannsins, sem seinna er til orðinn á löglegan hátt, að skikkunarbrjef embættismannsins hafi verið þinglesið á þeim stöðum, sem tilsk. 24. apríl 1833 mælir fyrir um, eða tilhlýðilegar upplýsingar um veðrjett ríkissjóðsins verði á annan hátt fengnar af viðkomandi afsals- og veðbrjefabókum. Hins vegar hlýtur krafa ríkissjóðsins að ganga fyrir rentum þeim, sem Magnús Gíslason skuldbatt sig á skiptunum eptir móður sína til að borga samerfingjum sínum, þar sem engar rentur eru áskildar í veðbrjefinu, og ekkert veð hefir verið sett fyrir rentum þeim, er þannig voru áskildar seinna.

Samkvæmt þessu ber að dæma skiptagjörð þá, sem hjer liggur fyrir, ómerka, að því leyti sem framan greindri rentuupphæð 148 rd. 12 sk. með henni er veittur forgangsrjettur, sem veðkröfu í fasteign, fyrir kröfu ríkissjóðsins, og að skylda skiptaráðandann til að taka búíð upp til nýrra skipta, þannig að krafa ríkis-

sjóðsins verði látin ganga fyrir tjeðri rentuupphæð. Málsfærslulaun hinna skipuðu talsmanna málspartanna, sem báðir hafa haft gefins málssókn hjer fyrir rjettinum, ákveðast til 10 rd. handa hvorum um sig, er borg-ist þeim úr opinberum sjóði.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.



Landsyfirrjettardómar 1876.

Mánudaginn 17. janúarmán.

Nr. 31/1875

Rjettvísín

gegn

Gísla Jónssyni.

D ó m u r.

Með dómi, upp kveðnum fyrir aukarjetti Árnassýslu að Kiðjabergi 19. júlímán. f. á., er hinn ákærði Gíslí Jónsson á Efraseli dæmdur samkvæmt 230. gr. hegn-ingarlaganna smbr. við 63. gr. í 4 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð, til að greiða iðgjöld til Árna Þor-varðarsonar á Breiðumýrarholti 50 kr. og til Guðmund-ar og Símonar Þorkelssona á Gamlahrauni 1 kr. 33 a., og til að borga allan kostnað af málinu. Þessum dómi er bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu hins opin-bera skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem er langt yfir lögaldur sakamanna, er það löglega sannað, að hann í nóvembermánuði 1874, þegar hann var vinnumaður á Breiðumýrarholti, hafi stolið 52 kr. í peningum frá hús-bónda sínum, Árna Þorvarðarsyni, úr kofforti, er stóð inni í skemmu þar á bænum. Hefur ákærði borið, að lyklarnir bæði að skemmuni og koffortinu hafi staðið í skránni, þegar hann stal peningunum, og hefur hús-bóndi hans ekki þorað að bera á móti því, að svo kunni að hafa verið. Af peningum þessum hefur eigandinn heimt aptur 2 kr., en hitt segist ákærði hafa misst á

ferð suður í Hafnarfjörð skömmu eptir stuldinn. Enn fremur hefur ákærði játað, að hann fyrir 5 eða 6 árum síðan hafi stolið ullarskyrtu á bænum Einkofa og selt hana fyrir 66 a., að hann sumarið 1872 hafi stolið úr vasa á drukknunum manni, sem hann hittir við búðina á Eyrarbakka, buddu með peningum í, og að hann hafi eytt nokkru af peningunum, en buddan síðan verið tekin af sjer með því, sem eptir var, og loks að hann í vetur er leið hafi stolið 2 sauðskinnunum, sem virt eru 1 kr. 33 a., úr eldhúsi á Gamlahrauni, og selt þau samstundis fyrir sikur, brennivín og annað smávegis.

Hinn ákærði hefur árið 1851 orðið sannur að sök um, að hafa gjörzt sekur í þjófnaði á reipum, en var þá dæmdur sýkn af rjettvísinnar frekari ákærum vegna sinnisveiki. Að vísu hefur það einnig komið fram undir rannsókn þessa máls, að hinn ákærði sje stundum bilaður á geðsmunum, en þar sem hlutaðeigandi hjerads-læknir hefur rannsakað hann og vottað, að hann ekki hafi nein þau veikindi á sálu nje líkama, er geti afsakað brot hans eða undan þegið hann hegningu fyrir þau, verður yfirdómurinn að vera á sama máli og hjeradsdómurinn um það, að ákærði eigi að sæta fullri laga-ábyrgð fyrir afbrot sín, og virðist hegningin þá samkvæmt 230 gr. hegningarlaganna, sambr. við 58. og 63. gr., og með sjerstöku tilliti til þess, að hinn ákærði hefur stolið frá húsbónda sínum, hæfilega ákveðin til 6 × 5 daga fangelsis við vatn og brauð. Að því, er snertir borgun iðgjalda og málskostnaðar, ber að staðfesta hjeradsdóminn, eins og ákærða einnig ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Gísli Jónsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 6 × 5 daga. Að öðru leyti á hjeraðsdómurinn óraskaður að standa. Ákærði borgi allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmanns Páls Melsteðs og organista P. Guðjohnsens, 10 krónur til hvors.

Hið ídæmda að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 32/1875:

Rjettvísin

gegn

Guðmundi og Elínu Sigurðar börnum.

Dómur.

Með dómi sýslumannsins í Árnassýslu frá 17. júlí f. á. eru systkinin Guðmundur Sigurðsson og Elín Sigurðardóttir frá Langstöðum, sem alið hafa barn saman, er fæddist 20. júlí 1873, dæmd í 1 árs betrunarhússvinnu og til að borga málskostnað ásamt Jóni nokkrum Jónssyni, er málið og hafði verið höfðað á móti fyrir það, að hann hafði gengizt undir barnið, en dóm-inum hefur eigi verið áfrýjað að því, er hann snertir, heldur að eins fyrir hönd systkinanna.

Það er með eigin játningu hinna ákærðu, sem eru milli þrítugs og fertugs, og aldrei hafa áður verið dæmd nje ákærð fyrir nokkurt lagabrot, viðurkennt og sannað með þeim skýrslum, sem komnar eru fram undir rannsókn málsins, að þau hafi gjört sig sek í glæp þeim, sem þau eru dæmd fyrir. Að vísu kenndi móðirin barn-